

## 25. Fundur Breiðafjarðarnefndar

Haldinn 2. mars 2001, kl. 09:00 – 13:30 Skúlagötu 21, Reykjavík.

**Mættir:** Friðjón Þórðarson, Ævar Petersen, Þórólfur Halldórsson, Guðríður Þorvarðardóttir, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Ásgeir Gunnar Jónsson og Eiríkur Snæbjörnsson.

Gestur fundarins var Róbert A. Stefánsson frá Náttúrustofu Vesturlands.

Fundarritari; Guðríður Þorvarðardóttir.

## DAGSKRÁ FUNDARINS

### Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð Breiðafjarðarnefndar frá 18.12.2000 samþykkt án athugasemda.

### Ársskýrsla Breiðafjarðarnefndar

Formaður las upp ársskýrslu Breiðafjarðarnefndar fyrir árið 2000, en drög að skýrslunni höfðu verið send aðalmönnum.

Fram kom ábending þess efnis að setja inn helstu verkefni sem nefndin hefði unnið að á liðnu ári.

**Afgreiðsla:** *Ársskýrslan samþykkt með fyrirvara um viðbætur um helstu verkefni og einnig að senda skuli eintak til varamanna í Breiðafjarðarnefnd og til viðkomandi sveitarstjórna.*

### Starfsaðstaða Breiðafjarðarnefndar

Rakinn var aðdragandi að bréfi umhverfisráðuneytisins, dags. 18.12.2000, þar sem fram kemur að Breiðafjarðarnefnd skuli vistuð hjá Náttúrustofu Vesturlands frá og með 1.

janúar 2001. Sagt var frá fundi sem formaður og varaformaður áttu með fulltrúum Náttúrustofu Vesturlands þann 1. febrúar síðastliðinn.

Róbert A. Stefánsson kynnti drög að samningi um vistun Breiðafjarðarnefndar hjá Náttúrustofu Vesturlands sem hann og Ragna Ívarsdóttir í umboði stjórnar stofunnar höfðu sett saman.

Nefndarmenn gerðu ýmsar athugasemdir við drögin og tengdust þær fyrst og fremst formi en ekki áætluðum kostnaði stofunnar vegna þjónustu og vinnu vegna

Breiðafjarðarnefndar. Meðal annars komu fram eftirfarandi ábendingar:

- Breiðafjarðarnefnd geri þjónustusamning við Náttúrustofu Vesturlands.
- Nefndin kaupi þjónustu af stofunni.
- Fjárveitingar komi til nefndarinnar.
- Nefndin haldi eftir sem áður sinni sjálfstæðu tilvist.
- Þjónustusamningur – stofan ætti að hagnast af samstarfinu.
- Kostnaður vegna flutnings nefndarinnar ætti alfarið að vera ráðuneytisins.
- Það þarf að koma nánar fram hvaða þjónusta er innifalin í samningnum.
- Hver hefur kostnaður ráðuneytisins verið vegna nefndarinnar – einhver upphæð sem ekki kemur fram eins og t.d. laun starfsmanns (ritara), sími, ljósritun og pappírskostnaður og burðargjöld vegna útsendinga til nefndarmanna.
- Verður starfsmaðurinn, sem vinnur um 25% fyrir nefndina, í fullu starfi hjá stofunni eða bara dagpart – þetta skiptir máli t.d. hvað varðar þjónustu við almenning.
- Ef gerður er þjónustusamningur þá er það ekki mál nefndarinnar hvort stofan ræður starfsmann, hvaða menntun starfsmaðurinn hefur, hve lengi dags starfsmaðurinn vinnur –

hins vegar skiptir það máli að stofan uppfylli þær skyldur sem hún tekur að sér sbr. þjónustusamninginn.

Bent var á að augljóst er að umhverfissráðuneytið hefur tekið ákvörðun um að nefndir þess hafi starfsaðstöðu annarsstaðar en í ráðuneytinu, en til að svo megi verða þá þarf að tryggja nefndunum nægjanlegt fjármagn til þess að af flutningi geti orðið.

Róbert benti á að stofunni er ætlað að afla tekna og miðað við stöðuna í dag þá er ekki gert ráð fyrir að stofan taki á sig aukakostnað vegna t.d. Breiðafjarðarnefndar.

**Afgreiðsla:** Fb, þH og Gþ falið að setja upp drög að þjónustusamningi.

### **Ramsarsamningurinn**

Fyrirspurn frá umhverfissráðuneytinu varðandi hug Breiðafjarðarnefndar vegna hugmynda að því að setja verndarsvæði Breiðafjarðar á Ramsarlistann. Fyrirspurnin tengist samstarfi umhverfissráðuneytisins og sjávarútvegsráðuneytisins varðandi náttúruminjar í hafi.

Punktum um mikilvægustu efnisatriði samningsins ásamt greinum var dreift til nefndarmanna í febrúar 1998. Í verndaráætlun Breiðafjarðar kemur fram eftirfarandi: *Á fundum Breiðafjarðarnefndar hefur verið tekið undir þá hugmynd að svæðið verði sett á þennan alþjóðalista enda hefur svæðið margt það til að bera sem þarf til þess að hljóta þessa alþjóðlegu viðurkenningu.*

**Afgreiðsla:** Breiðafjarðarnefnd telur alla kynningu á verndarsvæði Breiðafjarðar í samræmi við verndaráætlunina af hinu góða.

## **Fiskeldi Hvurslax ehf í Hraunfirði og Kolgrafafirði á Snæfellsnesi. Matskylda.**

Erindi Skipulagsstofnunar vegna umsagnar um fyrirhugaða breytingu á starfsemi Hvurslax í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirtækið sækir um starfsleyfi til að stunda matfiskeldi á regnbogasilungi eða bleikju og geldum laxi sbr. bréf dags. 16. nóvember 2000. Í bréfi Skipulagsstofnunar dags. 30. nóvember er óskað viðbótargagna, alls í 11 liðum, um lífríki, annað fiskeldi, næstu laxveiðiár, straua, uppsöfnun lífræns úrgangs, staðsetningu kvía, stofn tegundanna svo eitthvað sé nefnt. Þar sem svör fyrirtækisins sbr. bréf (ódagsett) eru ekki fullnægjandi var óskað eftir viðbótargögnum sbr. bréf Skipulagsstofnunar dags. 25. janúar 2001 og barst stofnuninni svar við seinni fyrirspurn sinni þann 16. febrúar 2001.

Nokkur umræða var um fiskeldi á verndarsvæðinu og um starfshætti Hvurslax ehf. Það kom m.a. fram að fyrirtækið hafi í leyfisleysi flutt regnbogasilung inn á svæðið og að það hafi verið kært til sýslumannsins í Stykkishólmi og að því máli er ekki lokið. Bent var á að regnbogasilungur hafi sloppið frá eldi Hvurslax og hann gengið upp árnar í Dalasýslu og valdið skaða þar sem hann étur seiði.

Það er mat nefndarinnar að ekki megi raska meira en verið hefur viðkvæmu vistkerfi dýrmætra lax- og silungsveiðisvæða með erlendri tegund eins og regnbogasilungi, þ.a.l. sé um matskylda starfsemi að ræða.

**Afgreiðsla:** Gþ setur upp svarbréf til Skipulagsstofnunar, sendi tölvutengdum nefndarmönnum þannig að hægt verði að svara erindinu á tilsettum tíma sem er 5. mars næstkomandi.

## **Snæfellsvegur um Kolgrafafjörð í Eyrarsveit**

Erindi Vegagerðarinnar frá 13. febrúar síðastliðnum þar sem óskað er eftir því að drög að tillögu að matsáætlun vegna Snæfellsvegar um Kolgrafafjörð í Eyrarsveit, Berserkseyri –

Vindás verði skoðuð og gerðar athugasemdir að mati nefndarinnar vanti eitthvað í matsáætlunina.

Breiðafjarðarnefnd hafði áður fjallað um erindi Vegagerðarinnar dags. 16. ágúst 2000 vegna frumáætlunar að vegagerð um Kolgrafafjörð þar sem óskað var umsagnar nefndarinnar á því hvort *leið 1 með byggingu stuttrar brúar sé ásættanleg*. Í svari nefndarinnar dags. 14. september kemur fram að lagst sé gegn því að valin verði leið 1 með stuttri brú og byggir það á mati nefndarinnar á að ekki verði tryggt að sjávarskipti verði sem verið hefur.

Nokkur umræða varð um fyrirhugaða vegaframkvæmd þó svo að nú sé einungis óskað eftir athugasemdum og ábendingum varðandi drög að matsáætlun.

Fram kom ábending þess efnis að e.t.v. sé að finna frekari fornleifar á svæðinu, þ.e. Salteyrarós sem talinn er geta verið í Hópinu.

**Afgreiðsla:** *Gþ setur upp svarbréf til Vegagerðarinnar, sendi tölvutengdum nefndarmönnum þannig að hægt verði að svara erindinu sem fyrst en skilafrestur er 2. mars (í dag). Gþ lætur vita af væntanlegu svari eftir helgi.*

### **Niðurstaða Skipulagsstofnunar v/efnistöku í Grundarfirði**

Dreift hafði verið niðurstöðu Skipulagsstofnunar um það hvort framkvæmdin væri háð mati á umhverfisáhrifum en þar er að finna lögskýringu á stærð verndarsvæðis Breiðafjarðar. Í framhaldi af niðurstöðu Skipulagsstofnunar var umhverfisráðherra sent bréf, dags. 29. janúar síðastliðinn og bent á að túlkun stofnunarinnar á stærð verndarsvæðisins fari á skjön við túlkun nefndarinnar og ráðuneytisins sem staðfest hefur verndaráætlun þar sem fram kemur að heildarflatarmál svæðisins sé 2874 km<sup>2</sup>.

Nokkur umræða varð um lögskýringu Skipulagsstofnunar og viðbrögð ráðuneytisins sem fólust í því hvort um kæru væri að ræða, en svo er ekki.

**Niðurstaða:** *Nefndarmenn voru sammála um að boða þurfi til fundar með ráðuneytinu um málefni Breiðafjarðarnefndar, s.s. fjármál, starfsaðstöðu, mörk og kynningu á verndaráætluninni.*

### **Friðlýsing Stagleyjar**

Farið var yfir málefni er varða friðlýsingu Stagleyjar þ.e. tildrög að friðlýsingu eyjarinnar sem er á náttúruminjaskrá, að fallið hafi verið frá forkaupsrétti enda samkomulag við kaupendur um friðlýsingu, lauslega farið yfir drög að auglýsingu friðlýsingar. Kaupendur höfðu gert athugasemd, þó ekki formlega, að það væri ekki ásættanlegt að mega ekki fara þar um með skotvopn.

**Afgreiðsla:** *Óskað eftir því við Náttúruvernd ríkisins að gengið verði frá friðlýsingu.*

## **Stagley – byggingarleyfi**

Reykholahreppur hefur vísað beiðni um að byggja neyðarskýli í Stagley til Breiðafjarðarnefndar. Um er að ræða 8,75 m<sup>2</sup> hús úr gagnvörðu timbri með asfaltþappa á þaki og er tillaga að staðsetningu hússins utan í hól miðsvæðis á eyggi sem kallast Svartbakahóll.

Vegna vinnureglna um byggingarleyfi sem nefndin hefur unnið að og borið undir Skipulagsstofnun varð nokkur umræða um byggingar í eyjum almennt. Einnig nokkrar vangaveltur um það hvort aðrar reglur gilda um neyðarskýli en frístundahús. Fram kom að minjavarðslan hafi ekki gert athugasemd við fyrirhugaða framkvæmd enda húsið staðsett á klöpp og að lítið rask muni fylgja framkvæmdinni. Nefndarmenn voru almennt sammála

um að ganga frá vinnureglum um byggingarleyfi og fresta málinu að sinni.

**Afgreiðsla:** *Frestað að afgreiða beiðnina til næsta fundar. Óskað eftir svári skipulagsstjóra við beiðni um athugasemdir við vinnureglur nefndarinnar.*

## Sæferðir

Breiðafjarðarnefnd hefur borist skýrsla Sæferða um skoðun hafarna árið 2000. Í niðurstöðu skýrslunnar kemur fram að óskað er eftir að undanþága verði veitt. Nokkur umræða var um siglingar í nágrenni arnarsetra. Bent var á að örnin venjist umferðinni og einnig nokkur umræða hvort eftirlitsflug vegna vöktunar á vorin hafi ekki áhrif. Þá kom fram athugasemd um fullyrðingu þess efnis að vaxandi óvildar gæti hjá æðarbændum í garð arnarins.

**Afgreiðsla:** *Óskað eftir stöðu málsins og að ráðuneytið ljúki málinu varðandi Sæferðir fyrir ferðamannatímamann.*

## Friðlýsing þorpsins í Flatey

Farið var yfir breyttan lagaramma og bent á að e.t.v væri möguleiki á að nýta ákvæði hverfisverndar í skipulags- og byggingarlögum þó svo að ekki sé um lögformlega verndun að ræða.

**Afgreiðsla:** *MAS tók að sér að fara yfir málið, afla nauðsynlegra upplýsinga og kynna á næsta fundi nefndarinnar.*

## Annað

Róbert sagði frá fundi sínum með Þórði Ólafssyni í umhverfisráðuneytinu og að þá hafi komið m.a. fram að fjárveiting til nefndarinnar verði ekki aukin á árinu.

Bent var á að e.t.v. ætti nefndin að óska eftir því að frestað verði að flytja starfsaðstöðu nefndarinnar um eitt ár.

Bent var á að nú væru stofnanir ráðuneytisins að vinna að áætlun fyrir 2002 og nefndin þurfi einnig að gera það – þó samfara beiðni um aukið fjármagn fyrir 2001.

Bent var á að rétt væri að skoða stöðu einstakra mála, líkt og gert hafi verið með friðlýsingu Staglejjar og gamla þorpsins í Flatey, en það verður vart gert fyrr en nefndin hefur fengið starfsaðstöðu.

**Fundi slitið 13:30 og næsti fundur boðaður með fyrirvara þann 27. mars í Hólminum.**